



Ljósmyndir: Miðbær Selfoss / HELFFOSS



Uppselt á HELFFOSS og samningur gerður til 666 ára

Um helgina fór fram í fyrsta skipti rokkhátíðin HELFFOSS, sem haldin var á tónleikastaðnum Sviðinu og á Miðbær í miðbæ Selfoss. Hátíðin sló í gegn strax í fyrstu atrennu og var uppselt.

Rúnar Hroði, stofnandi HELFFOSS, segist vera í skýjunum með hvernig til tókst.

„Þetta gekk langt fram úr okkar björtustu vonum. Hátíðin var uppseld, stemningin frábær og framkvæmdin til fyrirmyndar,“ segir Rúnar. Alls komu þrettán hljómsveitir fram á hátíðinni og var vart hægt að greina eina sem stóð upp úr öðrum, fjölbreytnin og gæðin voru í fyrirrúmi.

Gestir hátíðarinnar komu

víða að, bæði alls staðar af landinu sem og erlendis frá.

Meðal gesta voru rokkunnendur frá Danmörku, Þýskalandi, Póllandi og Bandaríkjunum sem höfðu rekist á hátíðina á netinu og lögðu leið sína til Íslands sérstaklega til að sækja HELFFOSS. „Það var ótrúlegt að sjá þetta gerast strax á fyrsta

ári og sýnir að hátíðin hefur burði til að vaxa enn frekar,“ segir Rúnar.

Sérstakt lof fékk aðstaðan í miðbæ Selfoss. „Húsnæðið hér er alveg magnað, hljómburðurinn frábær og aðstaðan öll eins og best verður á kosið,“ bætir Rúnar við.

Í tilefni af vel heppnaðri

hátíð undirrituðu Davíð Lúther, eigandi Sviðsins, og Rúnar Hroði samning til 666 ára um að HELFFOSS verði áfram haldin í miðbæ Selfoss. Með því er framtíð hátíðarinnar tryggð á sama stað og ljóst að HELFFOSS er komin til að vera.

Mikilvægt að skoðun ungmenna sé komið á framfæri

Þann 4. febrúar sl. var fyrsta Opnun Ungmennahúss í Bungubrekku, frístundamiðstöðvarinnar í Hveragerði.

Ungmennaráð Hveragerðis fékk í samráði við Bungubrekku að hýsa Ungmennahúsið. Starfsmenn Bungubrekku ásamt Ungmennaráði Hveragerðis tóku vel á móti ungmennum frá aldrinum 16-20 ára og var húsið vel sótt. Þá fá ungmenni nú tækifæri til að koma saman og nýta sér frístundaaðstöðuna sem Bungubrekka hefur upp á að bjóða.

„Okkur fannst vanta eitthvað

fyrir framhaldsskólaaldurinn til að gera eftir skóla. Almenn séð er ekki mikið á dagskrá fyrir utan skóla fyrir ungmenni á þessum aldri,“ segir Eyvindur Sveinn Lárússon, formaður ungmennaráðs Hveragerðis.

Áætlað er að halda ungmennahús á tveggja til þriggja vikna fresti til að byrja með til að meta mætingu og er markmið að fjölga samkomum með tímanum.

Eyvindur, sem setið hefur í ungmennaráði síðan í fyrrasumar, finnst mikilvægt að ungmenni

fái að koma sínum skoðunum á framfæri til að efla samfélagið. „Við erum búin að taka nokkra fundi með bæjarstjóra og erum búin að koma með nokkrar tillögur, eins og t.d. að lengja sundlaugaropnunina og fjölga ruslatunnum, sem er vonandi að fara í framkvæmd bara á næstunni,“ segir Eyvindur.

„Ungmennahúsið er góður vettvangur þar sem ungt fólk getur komið á öruggan stað, hist og gert eitthvað skemmtilegt,“ segir hann að lokum. SEG



Hluti af Ungmennaráði Hveragerðis, f.h. Hrafnhildur Sif Gunnarsdóttir, Úlfur Þórhallsson, Eyvindur Sveinn Lárússon og Hrafnkell Örn Barkason. Ljósmynd: Dagskráin/SEG.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

A Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á hestakerruna?



Skoðunarmánuður hestakerra fylgir endastaf á númeri hennar!


HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

 **prentmet** 
heildarlausnir í prentun

Gagnheiði 17 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

Stækkun og endurbætur á húsnæði samþykkt

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykkti framkvæmdir um stækkun og endurbætur fyrir sjúkrahúsþjónustu og heilsugæslu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Reist verður rúmlega 5.200 fermetra viðbygging til að mæta aukinni húsnæðisþörf og farið í gagngerar endurbætur og endurskipulagningu á meiri hluta eldra húsnæðis stofnunarinnar.

Fyrsti áfanginn felst í endurnýjun og stækkun húsnæðis heilsugæslu, geðteymis og heimahjúkrunar. Sá áfangi er fullfjármagnaður, heimild Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir liggur fyrir og því unnt að hefja vinnu við hann strax. Áætlað að ljúka framkvæmdum við fyrsta áfangann um mitt ár 2027.

„Þessar fréttir eru svo sannarlega gleðiefni. HSU þjónar stóru og fjölbreyttu svæði og hefur starfsemi stofnunarinnar vaxið hratt samhliða fjölgun íbúa og aukinni umferð ferðamanna. Fyrirhugaðar framkvæmdir skipta því miklu máli, ekki bara fyrir húsnæðið sjálft, heldur fyrir þá þjónustu sem við viljum af heilum hug geta veitt til framtíðar.“ segir Dína Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað hratt á síðustu árum og álag á heilbrigðisþjónustu hefur aukist vegna mikillar ferðaþjónustu og umfangsmikillar frístundabyggðar. Samkvæmt frumathugun þarf að fjölga sjúkrastofum úr 20 í allt að 40. Þá þarf að endurskipuleggja og/eða stækka húsnæði bráðamóttöku, göngudeilda, myndgreiningar, rannsóknar, fæðingarþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu, heilsugæslu, heimahjúkrunar og skrifstofu yfirstjórnar. Heildarþörf húsnæðis er metin um 11.000 m² en er nú um 8.800 m². Starfsmenn HSU eru nú um 850 í 604 stöðugildum en áætlað er að þeim fjölgi um allt að 20% á næstu tíu árum.

Áfangaskipting heildarframkvæmda

1. áfangi: Endurbætur á vesturálmum undir heilsugæslu á 1. hæð og heilsugæslu og geðheilsuteymi á 2. hæð. 2. áfangi, ný norðurálma: Nýbygging fyrir legudeildir, bráðamóttöku, myndgreiningu, fæðingarþjónustu og mæðravernd, alls 5.240 m². 3. áfangi: Endurbætur á austurálmum; göngudeildir, skrifstofur, mótuneyti og kjallari.

Áætlaður heildarkostnaður allra þriggja áfanganna á stigi frumathugunar nemur á bilinu 8,5 til 13 milljörðum króna (vikmörk -15% til + 30%). Í tímaáætlun Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna (FSRE) er gert ráð fyrir að öllum framkvæmdum gæti verið lokið árið 2034.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

„Ég þarf að passa mig að segja ekki mamma á vaktinni.“

Mæðgurnar Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir og Aðalheiður Svanhvít Magnúsdóttir vinna saman á myndgreiningardeild á Selfossi. Aðalheiður, eða Heiða eins og hún er alltaf kölluð, er á öðru ári í geislafræði frá Háskóla Íslands og Aðalbjörg, Alla, mamma hennar er deildarstjóri myndgreiningar á Selfossi.

Alla segir stærsta kostinn við að vinna með dóttur sinni vera að fá að miðla reynslu sinni áfram. „Það er gaman að geta kennt henni og sérstaklega gaman að hún hafi áhuga á að læra það sem ég lærði,“ segir hún. Heiða tekur undir, „Stærsti kosturinn er að vera með einhvern sem getur lesið yfir verkefni mín og veit nákvæmlega um hvað ég er að skrifa. Það var sérstaklega mikill kostur þegar ég byrjaði og vissi í raun ekki neitt um efnið.“

Að kenna eigin barni er þó ekki alveg það sama og að kenna öðrum nemum. „Það er kannski erfiðast að passa sig á því að segja ekki eitthvað eins og: „gerðu þetta bara svona, elskan mín“,“ segir hún hlæjandi.

„Ég þarf líka að passa mig á því að segja ekki mamma í vinnunni,“ bætir Heiða við. „Það hljómar eins og það sé starfsdagur!“

Fyrir Heiðu getur það verið

þínu viðkvæmt þegar mamma er áhorfandi. „Ef ég er að setja upp æðalegg fyrir framan mömmu og klúðra því, þá er það auðvitað alltaf leiðinlegt, en mamma sá mig samt klúðra því. Það getur sært smá stolt,“ segir hún og glottir út í annað.

Heiða lýsir því líka þegar samstarfsfólk horfir tortryggið á þær. „Þegar stelpurnar af bráðamóttökunni koma á deildina og horfa til skiptis á okkur en þora ekki að segja neitt,“ segir Heiða og mamman tekur við „þá segi ég bara: „þetta er dóttir mín“.

Þetta er bara skemmtilegra. Við erum nefnilega mjög líkar – bæði í fari og hegðun.“

„Og við hljómun líka eins,“ skýtur Heiða inn.

Spurðar hvort þær telji að þær væru góðir samstarfsmenn ef þær væru ekki mæðgur eru þær sammála. „Já, alveg klárlega,“ segir Heiða. „Við eigum sömu áhugamál, elskum báðar að þrjóna og okkur myndi semja vel.“

HSU



AFMÆLISVEISLA

Lindin 52 ára fögnum afmælinu **12.-16. febrúar**
Með þakklæti fyrir öll árin bjóðum við frábært afmælistilboð
52% afsláttur af öllum vörum

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29, Selfoss - Sími 482 1800
www.tiskuverslun.is

Opið	
Fimmtudag	kl. 11-21
Föstudag	kl. 11-21
Laugardag	kl. 11-17
Sunnudag	kl. 11-17
Mánudag	kl. 11-18

Vertu hjartanlega velkomin(n) í afmæliskaffi

Stofnuð

15. febrúar 1974



Skrifstofuhúsnæði til leigu

Höfum til leigu 55 m² skrifstofuhúsnæði á annarri hæð að Eyravegi 29 Selfossi.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Kristínu í sími 894 2341.



Selfosskirkja 70 ára og kirkjukórinn 80 ára

Það er viðburðarríkt ár fram undan í sögu Selfosssóknar. Á árinu verður þess minnst að 70 ár eru frá vígslu Selfosskirkju og 80 ár frá stofnun kirkjukórsins. Af því tilefni verður dagskrá alla sunnudaga í mars sem endar á hátíðarmessu á pálmásunnudag 29. mars n.k. kl.2.00. Kirkjukórinn verður með mjög fjölbreytta dagskrá alla sunnudaga í mars þar sem gamlir og nýir söngmenn koma fram ásamt ungu söngfólki. Á pálmásunnudag kl. 2.00 verður hátíðarmessa þar sem m.a. Biskup Íslands, sr. Guðrún Karls Helgudóttir og prófastur Suðurprófastsdæmi sr. Óskar Hafsteinn Óskars-son verða gestir okkar. Auglýst verður nánar þegar nær dregur.

Aðalsafnaðarfundur
Fram undan er aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar, verður hann haldinn miðvikudaginn 18. febrúar kl. 17.00 í safnaðarheimilinu. Samkvæmt venju fara fram almenn aðalfundarstörf. Að þessu sinni verður ekki um kosningu að ræða. Af tilefni 70 ára afmælis kirkjunnar verður lögð fram tillaga um heimild til stjórnar um áframhaldandi hugmyndavinnu að stækkun kirkjunnar. En nokkur undirbúningsvinna hefur átt sér stað, stefnt er að teikningar liggja frammi. Er hér verið að horfa til framtíðar í okkar vaxandi byggðarlagi. Erú sóknarborn og aðrir áhugasamir hvattir til að mæta á aðalsafnaðarfundinn.

Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar

ÍHUGANIR Á FÖSTUNNI Í „LITLU SVÖRTU KIRKJUNNI“ Á MOSFELLI Í GRÍMSNESI

Mosfellskirkja býður til vikulegra íhugunarstunda á föstunni, á **miðvikudögum kl. 19:30**. Stutt helgistund og samtal um föstuna, trúna og lífið. Góðir gestir á hverju kvöldi og kirkjukaffi á prestsetrinu eftir stundina.





18. FEBRÚAR
„Minnstu þess maður að þú ert mold“
Kristín Þórunn Tómasdóttir, sóknarprestur í Skálholtsprestakalli
Guðmundur S. Brynjólfsson, djákni



25. FEBRÚAR
„Áhrifavaldurinn frá Rósa B. Blöndals“
Sigrún Óskarsdóttir, ráðgjafi á Landspítalanum



4. MARS
„Að sjá hið góða í samfélaginu“
Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður



11. MARS
„Hver er mestur í himnaríki?“
Hugleiðingar um sjálfsmynd og verðmæti manneskjunnar
Jóhanna Magnúsdóttir, sóknarprestur í Víkurprestakalli



18. MARS
„Um Mosfellinga fyrr og nú“
Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra



25. MARS
„Hið illa í heiminum“
Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, siðfræðingur og prófessor emerita

Mosfellskirkja - Miðvikudagar kl. 19:30.

Verið öll hjartanlega velkomin!

Á Mosfelli er svartmáluð timburkirkja sem var byggð á árunum 1847-48. Hún er hlýleg og geymir fagra muni frá fyrri tíð. Á Mosfelli er prestsetur Skálholtsprestakalls.



Gamlar bridgehefðir endurvaknar

Nemendur Menntaskólans að Laugarvatni fengu óvenjulega og skemmtilega heimsókn 3. febrúar sl. Eldri nemendur ML mættu og stilltu upp bridgekeppni í holinu á annarri hæð skólans. Næsta vor eiga bridge-spilarar skólans 50 ára stúdentsafmæli.

Bridgespilaramir kölluðu sig SS-sveitina enda hafa þeir allir S sem fyrsta staf í nöfnum sínum, einn reyndar í seinna nafni. Sveitina skipa þeir Guðmundur Sveinn Hermannsson, Skafti Jónsson, Skúli Einarsson og Sævar Þorbjörnsson. Skafti, sem býr í Danmörku, var fjarri góðu gamni en þá var hnípt í varmann, Sigfinn Snorrason, sem var tveimur árum á undan þeim í ML og er líklegt að hann hafi leitt þá inn í töfraheim brigeíþróttarinnar.

Á höfuðborgarsvæðinu spilar fjöldi ML-inga bridge og nokkrir þeirra sem urðu stúdentar 1965-1970 hafa spilað árum saman undir merkjum ML-sveitarinnar. Þeir höfðu frumkvæðið að því að heiðra SS-sveitina á þennan hátt og undirliggjandi var áhugi þeirra á að endurvekja bridgeiðkun í ML sem hefur hrakað svo að enginn nemandi fannst sem kunni eitthvað fyrir sér í þessari göfugu íþrótt innan ÍSÍ.

Frá stofnun ML árið 1953 og fram að aldamótum var bridge í hávegum haft en nú er hún Snorrabúið stekkur. Þeir fjórir ML-sveitarmenn sem öttu kappi við SS-sveitina eru Baldur Kristjánsson, Birkir Þorkelsson, Pétur Skarphéðinsson og Sigmundur Stefánsson. Það yrði til að æra óstöðugan að telja upp



Ljósmyndir: Gylfi Þorkelsson.



alla þá ML-inga sem spila reglulega „fyrir sunnan“ með góðum árangri en til að taka dæmi þá er Ómar Olgeirsson núverandi Íslandsmeistari í tvímenning og hann varð í öðru sæti á Reykjavík Bridge festival sem er ný lokið en þar tóku þátt rúmlega 140 pör.

Ekki má gleyma því að framkvæmdastjóri Bridgesambands Íslands er Matthías sem hefur lyft Grettistaki við útbreiðslu íþróttarinnar. Fjöldi skóla hefur tekið upp bridgeáfanga í nám-

skrá á allra síðustu árum. SS-sveitarmenn hafa allir leikið með landsliðum allt frá unglinga-, til aðal- og seniora-landsliðs og ML-sveitin statar líka af Íslandsmeistara í einmenningi, Baldri Kristjánssyni.

Það er von ML-sveitarmanna að þeir hafi kveikt neista hjá nemendum ML sem gæti orðið að stóru báli án þess að trufla glæsilega söngmenningu skólans. Svo verður að geta úrslita keppninnar en SS-sveitin sigraði ML-sveitina með öruggum sigri.

Miðvikudagsmessur á föstunni í Mosfellskirkju



Það er löng og gróin hefð fyrir miðvikudagsmessum í litlu svörtu kirkjunni að Mosfelli

á föstutímanum. Í ár er engin undantekning á því og á þessari föstu er alla miðvikudaga kl.

19:30 boðið upp á messu með sérstöku íhugunarefni og endað með kirkjukaffi og samtali á prestsetrinu.

Öskudagurinn sjálfur markar upphaf föstunnar sem er tími iðrunar og það er tjáð með því að öskukross er teiknaður á enni með þessum orðum: “Minnstu þess maður að þú ert mold. Gjörðu iðrun og trúðu fagnaðarerindinu”.

Í messu Öskudagsins, sem í ár er 18. febrúar, þjónar sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir ásamt Guðmundi Brynjólfssyni djákna og rithöfund. Innilega velkomin.



Sunnlenski matgæðingurinn



Gervigreindarmynd

Saltfiskréttur með sætkartöflumús og Marengsterta

Elín Jóhannesdóttir er matgæðingur vikunnar.

Takk fyrir áskorunina mín kæra mágkona, Bryndís.

Ég ætla að deila með ykkur uppáhalds fiskréttinum mínum um þessar mundir. Þægileg eldamennska fyrir stærri boð eða bara heima með fjölskyldunni.

Ómissandi í boðið er svo merengs-terta sem slær alltaf í gegn.

Verði ykkur að góðu!

Saltfiskréttur með sætkartöflumús

Léttsaltaður þorsknakki
Olía
Capers
Ólífur
Sólþurrkaðir tómatar
200 gr. smjör
3 stk. hvítlauksrif
Salt og pipar

Sætkartöflumús

Sætar kartöflur
Smá sletta af rjóma
100 gr smjör
2 stk. hvítlauksrif
Salt og pipar

Sjóðið sætar kartöflur, skerið hvítlauk niður og steikið upp

úr smjöri. Setjið saman í skál og stappið, bætið við smá rjóma og salti og pipar.

Kartöflumúsinn er sett í eld-fast mót.

Létt steikjið fisk á pönnu með olíu og salti og pipar, setja yfir músina. Hella capers, olivum og sólþurrkuðum tómötum yfir. Brúna 200 gr. af smjöri með söxuðum hvítlauk og hella yfir réttinn.

Bakið í 180°C heitum ofni í 15 mín. Steinselja og graslaukur sett yfir og borið fram með góðu brauði.

Marengsterta

200 gr. sykur
3 eggjahvítur
1 tsk. lyftiduft
2 bollar Rice Crispy

Stífpeyta eggjahvítur og sykur saman, bæta lyftidufti við og í lokin rice crispy blandað við með sleif.

150°C (blástur) í 45 mín, slökkva á ofni og leyfa botnum að kólna yfir nótt.

Rjómi með rólobitum á milli, toppuð t.d. með karmellukremi, berjum og kókosbollubitum.

Ég skora á Ástrós Rún vinkonu mína að vera næsti matgæðingur vikunnar, maður fær alltaf góðan mat hjá henni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun:
Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Ekki er gott í snjó að snúast, sneisafull hún þáttinn geymir. Í saumavélum við má búast, verður „brjál“ og reiðin streymir.

Svar við gátu í blaði 2838: KOLLA

1. Hárkolla - 2. Biðukolla
3. Æðarkolla - 4. Ölkolla



Gagnheiði 17 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL
Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur
og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Stóri-Háls L170827; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðal-skipulagsbreyting - 2601057
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2026, að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal-skipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Stóra-Hálsi (L170827) og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipu-lagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

2. Birkibýggð; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulags-breyting - 2503056
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann. 8. október 2025, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð. Einnig eru settir fram almennir skilmálar og heimildir fyrir íbúðabyggð í dreifbýli.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

3. Syðri-Reykir 2 L167163; Frístundasvæði F69, Lækjarbraut; Deili-skipulag - 2601029
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Syðri-Reykja 2 L167163 í Bláskógabyggð. Deiliskipulagið nær yfir um 6 ha lands. Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir 10 frístundalóðum að stærðinni 5.320 til 6.040 m þ.e. Lækjarbraut 1 til 10. Á lóðunum er heimilt að reisa eitt frístundahús og aukahús/gestahús sem getur verið allt að 40 m2 og geymslu allt að 15 m2.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar til-lögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

4. Reykholtbrekka og Mosar; Skipting lóðar; Deiliskipulagsbreyting - 2601026
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2026 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Reykholtbrekku og Mosa í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að lóðinni Reykholt-brekku 1 er skipt í tvær lóðir, Reykholtbrekku 1 og Reykholtbrekku 1a. Bætt er inn gangstétt vestan við götuna Mosa, milli Miðholts og Kistu-holts. Legu gangstéttar innan lóðar Aratungu er breytt í samræmi við núverandi legu hennar.

5. Tungubakki 1 L238041 og 2 L238042; Skilgreining lands; Deiliskipu-lag - 2509002
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2026, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Tungubakka 1 L238041 og Tungubakka 2 L238042 í Bláskógabyggð. Í deiliskipulaginu felst að byggingarreitir eru skilgreindir á hvorri lóð þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús að hámarki 300 fm. Auk þess er heimilt að reisa bílskúr og gestahús ásamt skemmu/geymslu. Hámarksbyggingarmagn er 500 fm með íbúðarhúsi og hámarksænishæð er 5,5m. Aðkoma að lóðunum er frá Einholtsvegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipu-lagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.
Mál 1. og 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 12. febrúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 6. mars 2026.
Mál 2., 4. og 5. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 12. febrúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 27. mars 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulags-stofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hvera-braut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tækni- og Væðingarsviðs

Auglýsing um skipulagsmál
í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing:

Grænamörk og Mörk - Íbúðarbyggð ÍB17 - Aðal-skipulagsbreyting og deiliskipulag.
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti 4.2.2026 skipulags-
alýsingu sem tekur til breyting á skilmálum fyrir íbúðarbyggðina ÍB17 á Selfossi. Gerð verður breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og nýtt deili-skipulag unnið. Um er að ræða íbúðarbyggð sem afmörkast af Hörðuvöllum, Árvegi, Þórmörk og Austurvegi. Heimilaðar verða fleiri byggingar og íbúðir ásamt því að umferð akandi og gangandi verður yfirfarin.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:

Tryggvagata 36 - deiliskipulagsbreyting
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 4.2.2026 með 6 atkvæðum, 5 atkvæðum D-lista og 1 atkvæði Á-lista, deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Tryggvagötu 36. Tillagan var samþykkt eftir aug-lýsingu til gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda með fyrirvara um yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati meiri-hluta bæjarstjórnar var brugðist við athugasemdum og umsögnum, sem bárust vegna tillögunnar á aug-lýsing- og kynningartíma tillögunnar, með fullnægj-andi hætti. Gert er ráð fyrir einu 3ja hæða íbúðarhúsi ásamt sorpskýli á lóðinni. Ekki er gert ráð fyrir kjall-ara. Þriðja hæð íbúðarhússins skal vera innendregin, a.m.k. 5 m á norðurhlíð og a.m.k. 2 m á aðrar hliðar. Heildarfjöldi íbúða í húsinu geta orðið allt að 36 og er gert ráð fyrir samsvarandi fjölda bílastæða innan lóðarinnar. Byggingar skulu standa innan bygginga-reita. Heildarbyggingarmagn er að hámarki 2.600 m2 og nýtingarhlutfall er um 0,84.

Tillagan var auglýst í Lögbirtingarblaði og Dag-skránni frá 11.12.2025, með athugasemdafresti til 26.1.2026. Tillagan var einnig aðgengileg á heima-síðu sveitarfélagsins Árborgar. Umsagnir og at-hugasemdir bárust við auglýsingu tillögunnar og voru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara og viðbragða. Tillagan var að-gengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, auk þess sem málið var aðgengilegt á skipulagsgatt.is. Allar upplýsingar málsins ásamt fundarbókunum eru að-gengilegar á skipulagsgatt.is (málsnr. 1338/2025)

Ofangreind skipulagslýsing liggur frammi til kyn-ningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is Skipulagslýsingin er í kynningu frá 12. febrúar 2026, til og með 6. mars 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulags-gatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 6. mars 2026.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úr-skurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vígfus Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Frítt vínglas* fylgir með
aðalréttum á Valentínusardaginn
og konudagshelgina gegn
framvísun miðans í horninu.

*Fyrir þau sem hafa náð aldri

Lilly & Julia's
FIRE & RICE

CASTELLANI
Grandi Vini di Toscana

Austurvegur 35, Selfoss — Sími: 787 3213

Frítt vínglas* fylgir með aðalréttum
á Valentínusardaginn og konudagshelgina
gegn framvísun miðans í horninu.
*Fyrir þau sem hafa náð aldri

FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir- einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8- 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1

Mánudaga Kl.18- Konur
Fimmtudaga Kl.18- Sporafundur- Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FUNDIR

Vöfflukaffi

Vöfflukaffi fellur niður á laugardaginn vegna flokkþings

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
12. febrúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 12. febrúar kl. 14:45

SJÓORRUSTA

HOOD - BISMARCK

GUNNAR A. ÓLAFSSON

Kaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

Aðalfundur FEBSel kl 14
fimmtudaginn 19. feb
Sjá augl. á hinni síðunni

KIRKJUR

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b
Barnamótssamkoma kl.11:00
sunnudaginn 15. febrúar.
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtu-
dögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 15.
febrúar. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjón-
ar fyrir altari og prédikar. Ester
Ólafsdóttir leikur á orgel og leið-
ir safnaðarsöng. Barnabörðið
alltaf á sínum stað. Innilega vel-
komin.

Mosfellskirkja í Grímsnesi

Öskudagsmessa miðvikudaginn
18. febrúar kl. 19.30. Nú hefjum
við föstuíhuganirnar í
Mosfellskirkju sem verða á
hverjum miðvikudegi á föstunni.
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir
sóknarprestur og Guðmundur
Brynjólfsson djákni þjóna.
Samtal og kirkjukaffi á prestsetr-
inu eftir samveruna. Innilega
velkomin.

Hrepphólakirkja:

Kirkjuskóli laugardaginn 14. feb.
kl. 11. Verið öll velkomin!

Hrunakirkja:

Guðþjónusta við föstuinnangang í
Hrunakirkju sunnudaginn 15.
febrúar kl. 11. Verið öll velkom-
in!

Ólafsvallakirkja:

Hversdagsmessa við föstuinn-
gang mánudagskvöldið 16.
febrúar kl. 20. Verið öll velkom-
in!

Kálfholtskirkja

Guðsþjónusta verður í
Kálfholtskirkju á sunnudaginn
kemur, 15.febrúar kl.14.00.
Kórinn leiðir söng undir stjórn
Glódisar Guðmundsdóttur.
Verið öll hjartanlega velkomin.

Hveragerðiskirkja

Sunnudaginn 15. febrúar kl. 11.
Fjölskylduguðsþjónusta í
Hveragerðiskirkju. Barnakór
kirkjunnar syngur undir stjórn
Unnar Birnu Björnsdóttur.
Chrissie Telma Guðmundsdóttir
og börn spila á fiðlu. Börn eru
hvött til að mæta í öskudags-
búningunum sínum. Séra Salvar
Geir Guðgeirsson þjónar fyrir
altari.

Kotstrandarkirkja

Sunnudaginn 15. febrúar kl. 14.
Guðsþjónusta í
Kotstrandarkirkju. Kirkjukór
Hveragerðis- og
Kotstrandarsókna leiðir söng
undir stjórn Miklós Dalmay.
Séra Salvar Geir Guðgeirsson
þjónar fyrir altari.

Þykkvabæjarkirkja

Guðsþjónusta í
Þykkvabæjarkirkju næsta
sunnudag 15. febrúar, kl. 13.00.
Kórinn leiðir söng við undirleik
Halldórs Óskarssonar organista.
Prestur er sr. Halldóra
Þorvarðardóttir.
Verið öll velkominn.

Nýtt framboð í Grímsnes- og Grafningsshreppi

Framboðið Betri sveit – fyrir okkur öll mun bjóða fram lista í komandi sveitarstjórnar-
kosningum í Grímsnes- og
Grafningsshreppi.

Framboðið Betri sveit mun hafa það að markmiði að stjórn-
sýsla sveitarfélagsins verði opn-
ari, stuðlað verði að sanngjörn-
um ákvörðunum sem byggja
ætið á hagsmunum samfélagsins
í heild. Lögð verður áhersla á
skýrt utanumhald um framvindu
verkefna og þeirra málefna sem
sveitarfélagið stendur að eða
stendur frammi fyrir.

Framboðið Betri sveit vill aukið samráð. Vilja íbúa má meðal annars kanna með ráð-
gefandi íbúakosningu. Mark-
miðið skal ætíð vera að efla með
markvissum hætti lýðræðisleg
vinnubrögð í sveitarfélaginu,
verja fé til framkvæmda eftir
forgangsörðun íbúanna sjálfra
og með hagsmunum heildarinnar
að leiðarljósi.

Framboðið Betri sveit telur mikilvægt að mótuð verði fram-
tíðarsýn fyrir sveitarfélagið sem
verði leiðarljós að ákvarðana-
töku kjörinna fulltrúa. Horn-
steinn hvers samfélags er fólkið
sem það byggir, það á að vera
gott fyrir okkur öll að búa og
dvelja í Grímsnes- og Graf-
ningsshreppi.

Framboðið Betri sveit hefur kosið Andrés Bertelsen sem
oddvita listans. Aðrir frambjóð-
endur verða kynntir á næstu vik-
um ásamt helstu stefnumálum
framboðsins. Andrés Bertelsen
er fæddur og uppalinn á Silfra-
stöðum í Skagafirði. Hann út-
skrifaðist með skipstjórnamgráðu
frá Tækniskólanum árið 2014.
Starfsferill Andrésar spannar
alþjóðlega markaðssetningu,



fjölmíðlun og hönnun flókinna
tæknikerfa. Hann býr að reynslu
úr nýsköpunarfyrirtækjum sem
og rótgrónum fyrirtækjum.
Andrés starfar nú við hugbún-
aðarþróun í alþjóðlegu nýsköp-
unarverkefni.

Á ferli sínum hefur Andrés
tileinkað sér listina að umbreyta
metnaðarfullum og framsýnum
hugmyndum í áþreifanlegan ár-
angur. Leiðtogastíll hans byggir
á sköpunarkrafti og skipulags-
færni, sem tryggir að nýsköpun
verði ekki aðeins hugmynd á
blaði heldur að henni sé hrint í
framkvæmd og hún fái að vaxa
og dafna. Andrés leggur ríka
áherslu á traust, samvinnu og
gagnsæi í störfum sínum og hef-
ur reynslu af því að leiða teymi
fólks með ólínkan bakgrunn.

Andrés býr ásamt sam-
býliskonu sinni í Grímsnes-
og Grafningsshreppi. Tvö eldri börn
þeirra eru uppkomin en tvö þau
yngri stunda nám við Kerhóls-
skóla.

Nánari upplýsingar um fram-
boðið, stefnu þess og markmið á
finna á Facebook-síðunni Betri
sveit – fyrir okkur öll.

KIRKJUR

Selfoskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 15.
febrúar kl. 20:00, Unglingakórinn
syngur ásamt hljómsveitinni
Villingarnir frá Tónlistarskóla
Árnesinga, organisti Edit A.
Molnár, prestur Guðbjörg
Arnardóttir. Sunnudagaskólinn
á sínum stað kl. 11:00.
Morgunbænir miðvikudaga kl.
10:0, krílasálmur miðvikudaga
kl. 10:15 og foreldrasamvera kl.
11:00. Þriðjudagssamvera 17.
febrúar kl. 14:00, gestur
Gunnhildur Stella Pálmadóttir.

Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 15. febrúar
kl. 11:00. Kammerkórinn syngir,
kantor Pétur Núi Stefánsson.
Prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Kaffi í safnaðarheimilinu eftir
messuna.

Hraungerðiskirkja

Messa sunnudaginn 15. febrúar
kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur,
kantor Pétur Núi Stefánsson,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið
dfs@dfs.is



HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleidsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.

Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.

Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

Uppsveitirnar eru tilvalinn áfangastaður til að dvelja á

Stjórnendur ferðabjónustu í Uppsveitum Árnæssýslu komu saman í Vínstofu Friðheima. Um 40 manns mættu til fundarins þar sem Rakel Theodórsdóttir, nýráðinn byggðapróunarfulltrúi Uppsveita, sagði frá hlutverki sínu. Þá sögðu þær Ragnhildur Sveinbjarnardóttir og Hrafnhildur Árnadóttir frá áherslum og verkefnum Markaðsstofu Suðurlands.

Rakel fór yfir þau fjölbreyttu hlutverk sem felast í starfi byggðapróunarfulltrúa og þá „mörgu hatta“ sem hún ber er varðar byggðapróun á svæðinu. Hún lagði áherslu á hvernig hún getur aðstoðað ferðabjónustuaðila við að „byggja brýr“ milli þeirra og annarra aðila til að hrinda verkefnum og hug-

myndum í framkvæmd og þannig liðka til og halda uppi samtali ólíkra hagaðila.

Góðar umræður sköpuðust um samfélagslega ábyrgð þeirra sem starfa við ferðabjónustu. Þar bar hæst öryggi á vegum, viðbragðstími og mikilvægi íslenskukunnáttu starfsfólks í greininni.

Fundargestir voru sammála því að Uppsveitirnar væru kjörinn áfangastaður ferðamanna sem býður upp á blómlega flóru affreyingar, gististaða og veitingastaða í einstakri náttúru. Gullnahringsvæðið er orðin keðja með mörgum sterkum hlekkjum í stað þess að vera einn dagsferðarhringur. Svæðið er því orðið tilvalinn staður til að dvelja á í nokkrar nætur til þess að njóta alls þess sem það hefur upp á að bjóða.



**FRAMSÓKNARFÉLAG
ÁRBORGAR BOÐAR TIL
AÐALFUNDAR**

kl. 20:00 19. febrúar

Sal Framsóknar, Eygravegi 15

Dagskrá fundar

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Kosning formanns, stjórnar og varastjórnar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um félagsgjald
6. Önnur mál

Öll velkomin!
Framsókn í Árborg

Aðalfundur

Félags eldri borgara á Selfossi

Aðalfundur félagsins verður haldinn
fimmtudaginn 19. febrúar, 2026
í Félagsmiðstöðinni Mörk, Austurvegi 51
(gengið inn í Grænumörk 5) og hefst kl. 14.00.

Dagskrá fundarins:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Önnur mál

Stjórn FebSel

huemeno me

“**Parmaflóran** er ósýnilegur áhrifavaldur í lífi okkar - einnig á **BREYTINGASKEIÐINU**”

“Ég finn svo vel hvað **huemeno® Me** gerir mér gott. Meltingin verður betri og léttari, orkan jafnari og mér líður allri betur”.

huemeno® Me er fjölvirk blanda fyrir flóruna alla, fyrir meltinguna og orkuna og efnaskiptin.

Þorbjörg Hafsteinsdóttir
-fyrir huemeno®

huemeno.is

Viltu vinna með okkur?

Þjónustuskrifstofa stéttarfélaganna, Austurvegi 56 Selfossi, leitar að samviskusömum og áreiðanlegum starfskrafti í ræstingar og tilfallandi verkefni.

Starfshlutfall: 40–50% eftir samkomulagi innan hefðbundins dagvinnutíma.

Hæfniskröfur:

Reynsla af ræstingum er kostur.
Áreiðanleiki og stundvísi.
Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni.
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma innan dagvinnutíma, gott vinnuumhverfi og traust langtímasamstarf fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 19. febrúar.

Áhugasöm eru hvött til að hafa samband við Halldóru eða Þór í síma: **480-5000** eða á netföngin: **halldora@baran.is** eða **thor@baran.is**.

BARAN STÉTTARFÉLAG
FIT FÉLAG BIRNI- OG TÆKNISÓÐNA
VR

LAGNALAND
LAGNALAND EHF.

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

800
LAGNIR

**ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**BYGGINGARÞJÓNUSTA
SUÐURLANDS**

Nýbyggingar - Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www.byggingarsudurlands.is



**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRAC AF
VINATTU!

**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**

TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 - 669 8441

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 - pulsinn@pulsinn.com

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.

Hafðu samband í 897 4693
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

**TAXI
SELFOSSI**
SÍMI 482 3800

**HJÓLA-
STÓLABÍLL**
SÍMI
777 5422